

Samgönguráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Samgöngunefnd Alþingis  
Sendandi: Samgönguráðuneyti; dóms- og kirkjumáaráðuneytri  
Dagsetning: 5. maí 2005  
Málsnúmer: SAM04110036  
Bréfalykill: 811 Lög og reglugerðir

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á fjarskiptalögum

Samgöngu- og dóms- og kirkjumálaráðuneyti hafa farið yfir frumvarp til laga til breytingu á fjarskiptalögum nr. 81/2003, með hliðsjón af umsögnum og tillögum Persónuverndar og fjarskiptafyrirtækjanna. Eru lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 7. og 8. gr. frumvarpsins en ekki er talið rétt að breyta ákvæðum 9. gr.

**1. Um varðveislu gagna, 7. gr. frv.**

Breytingar á 7. gr. miða annar vegar að því að koma til móts við fjarskiptafyrirtækin að því leyti að þau geymi ekki önnur gögn um fjarskiptaumferð en þegar er gert í dag vegna reikningsgerðar. Þetta er gert með því að í stað tímasetningar og tímalengdar kemur dagsetningar. Þetta dregur verulega úr geymslumagni og hefur um leið ekki áhrif á núverandi vinnsluafköst (kallar ekki á afkastameiri vélbúnað). Með þessari breytingu einni á frumvarpinu verður þörf fjarskiptafyrirtækjanna fyrir aukið gagnarými (geymslupláss) um 4-5 falt frá því sem nú er. Kostnaður fyrirtækjanna af þessu er þó óverulegur þar sem verð á geymslurými er hagstætt í dag.

Hins vegar er komið til móts við athugasemdir Persónuverndar og lagt til að í stað eins árs verði farið niður í 6 mánuði geymslutíma. Persónuvernd hefur lagst gegn eins árs geymslutímanum og talið að hann samræmdest ekki þeim meðalhófssjónarmiðum sem ber að viðhafa við meðferð persónuupplýsinga en hefur talið sex mánuði ásættanlegri tíma. Eins árs tíminn byggðist á lægstu tímamörkum í tillögu fjögurra ríkja ESB til framkvæmdastjórnarinnar. Fyrir liggur að ESB mun setja aðildarríkjunum viðmið að þessu leyti og skv. upplýsingum frá formanni fjarskiptanefndar ESB mun sú tillaga koma fram í sumar.

**2. Skrá yfir notendur GSM frelsis, 8. gr. frv..**

Breytingar á 8. gr. lúta að því að í stað afdráttalauss ákvæðis um skráningu GSM frelsis (þ.e. skráningu farsíma sem ekki eru skráðir á nafn), kemur heimildarákvæði fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til að setja reglur um skráninguna. Ef stofnunin setur reglur um GSM frelsið ber henni að gera það í samstarfi við Neyðarlínu, lögreglu og farsímafyrirtæki.

Með þessu er annarsvegar opnað fyrir þann möguleika að reglur verði ekki settar um skráningu á notendum frelsiskorta. Hinsvegar er lögfest viðtækt samráð við hagsmunaaðila verði reglurnar settar.

**3. Upplýsingaskylda skv. 9. gr. frv.**

Mikilvægt er að greinin fari fram óbreytt þar sem núgildandi ákvæði 86. og 87. gr. laga um meðferð opinberra mála hafa í dómaframkvæmd verið túlkuð þannig að lögregla hefur ekki getað fengið upplýsingar um IP-tölur nema að við broti sem er til rannsóknar, liggi annað

hvort 8 ár fangelsi eða að um sé að ræða ríka almanna- eða einkahagsmuni. Með þessum ákvæðum laga um meðferð opinberra mála eru upplýsingar um símanúmer og IP-tölur lagðar að jöfnu við hleranir og aðrar aðgerðir lögreglu sem ganga sýnu lengra inn á persónuréttindi almennings en ákvæði 9. gr. frumvarpsins gera ráð fyrir. Í tveimur nýlegum dómum Hæstaréttar hefur lögreglu verið synjað um upplýsingar um notenda IP-tölu á þessum grundvelli þrátt fyrir að það væri það eina sem þurfti til að upplýsa um hver framdi verknaðinn. Ef þetta ákvæði nær ekki fram að ganga verður lögreglu gert ókleift að aðhafast vegna brota á netinu nema í alvarlegustu tilvikunum. Ekki eru því lagðar til breytingu á 9. gr.